

**Vísur 16.10.**

Hvatning mín til hagröðinga sem ég setti inn (í gær) 15.10.2006 – vakti strax jákvæð viðbrögð.

Í morgun las ég í póstinum skemmtileg skeyti.

---

Sæll Bensi.

Mér datt í hug að kvitta fyrir bæklinginn sem þú réttir mér um daginn með því að tjá mig um Vaðlaheiðargöngin:

Frambjóðenda ferð er ströng,  
firna misjafnt brallið.  
Um Vaðlaheiði vil ég göng  
vinstra megin í fjallið.

Með kveðju,  
Hallmundur

---

Sæll.

Ég á svona vasasíma sem bæði hringir og titrar í senn og virkar þannig á tvö skilningarvit í einu. Hér áðan heyrði ég eitthvert kvak í honum og hann tók örstutt nudd á lærinu á mér. Þegar að var gáð var það bensí.is að minna á sig. Það verkaði svona:

Nú er gott að gæta sín  
og gefa ekki á sér færið.  
Klækjarefur og "kratasvín"  
kitlar mig í lærið.

Nú, fyrir vikið fór ég og skoðaði heimasíðuna þína. Hún er fín. Sérstaklega finnst mér gaman að sjá hvaða álit menn hafa á atvinnumálunum. Gangi þér vel með þetta uppátæki og góða skemmtun.

Bestu kveðjur,  
Björn I.